

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK

SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

173. FUNDUR.

Árið 2010, fimmtudaginn 11. nóvember kom sveitarstjórn Húnaþings vestra saman til 173. fundar í Ráðhúsi Húnaþings vestra kl. 15:00. Oddviti setti fund. Mætt undirrituð.

Í upphafi fundar bar oddviti fram tillögu um að inn á dagskrá fundarins verði teknar fundargerð 699. fundar byggðarráðs og fundargerð 189. fundar skipulags- og umhverfisráðs. Tillagan samþykkt með 7 atkvæðum.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir byggðarráðs. Formaður byggðarráðs kynnti.
 - a) Fundargerð 664. fundar. 25. október s.l. Fundargerð í 11 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
 - b) Fundargerð 665. fundar 27. október s.l. Fundargerð í 1 lið. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
 - c) Fundargerð 666. fundar 1. nóvember s.l. Fundargerð í 8 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
 - d) Fundargerð 667. fundar 2. nóvember s.l. Fundargerð í 1 lið. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
 - e) Fundargerð 668. fundar 8. nóvember s.l. Fundargerð í 6 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
 - f) Fundargerð 669. fundar 10. nóvember s.l. Fundargerð í 1 lið. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerðir nefnda, oddviti kynnti.

2. Fundargerð félagsmálaráðs.

Fundargerð 108. fundar félagsmálaráðs frá 26. október s.l. Fundargerð í 5 liðum Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
3. Fundargerð fræðsluráðs.

Fundargerð 116. fundar frá 19. október s.l. Fundargerð í 2 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
4. Fundargerð landbúnaðarráðs. Formaður kynnti.

Fundargerð 98. fundar frá 3. nóvember s.l. Fundargerð í 3 liðum. Lögð fram eftirfarandi tillaga við lið 3 a „Sveitarstjórn Húnaþings vestra mótmælir harðlega áformum ríkisvaldsins um að hætta endurgreiðslum til sveitarfélaga vegna kostnaðar við refaveiðar á árinu 2011. Útgjöld sveitarfélagsins vegna refaveiða hafa aukist umtalsvert á liðnum árum. Sveitarstjórn Húnaþings vestra skorar á alþingismenn

Norðvestur kjördæmis að beita sér fyrir því að boðuðum áformum stjórnvalda verði hnekkt og tryggt verði að sveitarfélögum verði áfram tryggð endurgreiðsla kostnaðar vegna refaveiða.“ Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða. Lögð fram eftirfarandi tillaga við lið 3.b. „Sveitarstjórn Húnaþings vestra tekur undir áskorun landbúnaðarráðs Húnaþings vestra um nauðsyn þess að ráðist verði í girðingarframkvæmdir meðfram tilteknum vegsvæðum á Vatnsnesi og í Vesturhópi til að auka umferðaröryggi. Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að fela sveitarstjóra og oddvita að ræða við fulltrúa Vegagerðarinnar um aðgerðir í þessu skyni.“ Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða. Aðrir liðir fundargerðarinnar bornir upp og samþykktir með 7 atkvæðum.

5. Fundargerðir menningar-og tólmstundaráðs

- a) Fundargerð 91. fundar frá 4. október s.l. Fundargerð í 4 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
- b) Fundargerð 92. fundar frá 18. október s.l. Fundargerð í 4 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

6. Fundargerðir skipulags-og umhverfisráðs.

- a) Fundargerð 187. fundar frá 21. október s.l. Fundargerð í 2 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
- b) Fundargerð 188. fundar frá 4. nóvember s.l. Fundargerð í 3 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
- c) Fundargerð 189. fundar frá 11. nóvember. Fundargerð í 1 lið. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
Fundargerð upplesin og fundi slitið kl: 16:40

Leó Örn Þorleifsson

Stefán Einar Böðvarsson

Sigurbjörg Jóhannesdóttir

Elín Jóna Rósinberg

Ragnar Smári Helgason

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri

Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir

Guðrún Ragnarsdóttir, fundarritari

Anna María Elíasdóttir

